

## Erindisbréf skipulags- og byggingarnefndar Borgarbyggðar

### I. Stjórnskipuleg staða skipulags- og byggingarnefndar

Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar fjallar um skipulags- og byggingarmál í umboði sveitarstjórnar Borgarbyggðar eftir því sem nánar segir í erindisbréfi þessu sem gert er í samræmi við samþykkt um stjórn Borgarbyggðar.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi starfa með nefndinni. Nefndin starfar á umhverfis- og skipulagssviði.

### II. Skipan skipulags- og byggingarnefndar

Í skipulags- og byggingarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar kjörnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa eiga sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, byggingarfulltrúi, skipulagsfulltrúi og sveitarstjóri rétt til að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um. sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs er ritari nefndarinnar.

### III. Verkefni skipulags- og byggingarnefndar

Skipulags- og byggingarnefnd vinnur fyrst og fremst eftir eftirfarandi lögum og reglugerðum: Skipulagslög nr. 123/2010, lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lögum um mannvirki nr. 160/2010, byggingarreglugerð nr. 112/2012, skipulagsreglugerð nr. 90/2013, reglugerð um framkvæmdaleyfi og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.

Helstu verkefni skipulags- og byggingarnefndar eru sem hér segir: Skipulagsnefnd gerir tillögur til sveitarstjórnar Borgarbyggðar um stefnu í skipulagsmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga. Nefndin hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir það heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til sveitarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim. Eftirfarandi verkefni eru helstu verkefni nefndarinnar í skipulagsmálum:

1. Umsögn um landskipulag.
2. Gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið.
3. Gerð deiliskipulaga á landi sveitarfélagsins.
4. Gerð rammaskipulags.
5. Nefndin á að tryggja skynsamlega notkun lands með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
6. Að gera tillögur að fjárhagsáætlun til sveitarstjórnar, um þá liði hennar sem falla undir verksvið nefndarinnar, í samstarfi við viðkomandi starfsmenn.
7. Að hafa eftirlit með því að fjárhagsáætlun sé haldin.
8. Að fjalla um þau mál sem sveitarstjórn felur nefndinni hverju sinni.

Skipulags- og byggingarnefnd er heimilt sbr. 2. mgr. 44. gr. sveitarstjórnarlaga, að afgreiða án staðfestingar sveitarstjórnar mál á verksviði hennar ef:

- a. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því.
- b. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í starfs- og fjárhagsáætlun.
- c. þau víkja ekki frá stefnu bæjarstjórnar í veigamiklum málum.

Einnig afgreiðir skipulags- og byggingarnefnd í samræmi við 6. gr. skipulagslaga:

1. deiliskipulagsáætlanir þar sem engar athugasemdir hafa verið gerðar við á athugasemdartíma.
2. breytingar á deiliskipulagi, sbr. 43 gr. og 44. gr. skipulagslaga þar sem engar athugasemdir hafa verið gerðar við á athugasemdartíma. f grenndarkynningar þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi.
3. framkvæmdaleyfi sbr. 13 gr. og 14 gr. skipulagslaga
4. skiptingu á jörðum, löndum og lóðum og breytingar á landamerkjum sbr. 48. gr. skipulagslaga.
5. nafngiftir á hverfum, götum og torgum.

Skipulags- og byggingarnefnd getur ávallt vísað málum skv. 4. gr. til bæjarstjórnar.

#### **IV. Starfshættir skipulags- og byggingarnefndar**

Um starfshætti nefnda/ráða er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Skipulags- og byggingarnefnd heldur fund einu sinni í mánuði. Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin ákveður fundartíma á fyrsta fundi að höfðu samráði við fundarritara.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs annast undirbúning nefndarfunda í samráði við formann nefndarinnar og boðar fundi. Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, boðar eða lætur boða fundi í nefndinni með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá. Skjalastjóri ber ábyrgð á að skráning og eftirfylgni málgagna sé í samræmi við reglur Borgarbyggðar hverju sinni.

Ritari skipulags- og byggingarnefnd skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sitja fundinn,
- c. nöfn starfsmanna sem sitja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g. að fundarmaður hafi vikið af fundi eða komið til fundar eftir að hann hófst, ef svo ber undir.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Jafnframt skulu formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja

blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í samfelldri töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra. Skrifstofa ráðhúss sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Borgarbyggðar. Viðkomandi starfsmenn tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í skipulagsnefnd, um málalok.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar skv. samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktun nefndarinnar, sem hefur í för með sér útgjöld umfram samþykktir bæjarstjórnar, skal ætíð send sveitarstjóra í sérstöku erindi. Sveitarstjóri leggur ályktunina fyrir byggðarráð til umfjöllunar.

Skipulags- og byggingarnefnd skal árlega gera tillögur að fjárhagsáætlun um verkefni sín og senda til sveitarstjórnar. Fulltrúar í nefndinni skulu fá þóknun fyrir störf sín í nefndinni samkvæmt reglum Borgarbyggðar um þóknun til nefnda..

Fulltrúar nefndarinnar í nefndum og ráðum hafa upplýsingarskyldu gagnvart nefndinni.

## **V. Málsmeðferðareglur skipulags- og byggingarnefndar**

Við meðferð mála hjá skipulags- og byggingarnefnd, er varða rétt og skyldu aðila að stjórnarsýslumáli, skulu nefndarmenn og starfsmenn gæta ákvæða stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Skipulags- og byggingarnefnd skal gæta að leiðbeiningarskyldu varðandi þau erindi sem eru til meðferðar hjá nefndinni. Þá skulu ákvarðanir teknar svo fljótt sem unnt er eftir að mál hefur verið nægjanlega upplýst.

Við úrlausn mála skal gæta samræmis, jafnræðis og meðalhófs skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Aðili máls skal eiga þess kost að tjá sig um efni máls fyrir starfsmönnum nefndarinnar áður en tekin er ákvörðun, enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök.

Aðili máls á rétt á því að kynna sér skjöl og önnur gögn er varða mál hans með þeim takmörkunum sem getið er í 16. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og upplýsingalögum nr. 50/1996.

Ákvörðun skipulags- og byggingarnefndar skal tilkynnt aðila máls. Hafi umsókn aðila verið hafnað eða ekki tekin til greina að öllu leyti skal fylgja tilkynningunni rökstuðningur eða leiðbeiningar um heimild aðila til að fá ákvörðun rökstudda. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um kær- og endurupptökuheimild og fresti til að kæra eða endurupptaka mál.

## **VI. Réttindi og skyldur nefndarmanna í skipulags- og byggingarnefnd.**

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda eftir atvikum ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann eða starfsmann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns eða starfsmanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og reglum um málaflokkinn og samþykktum um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í nefndinni.

Fulltrúar í nefndinni eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

Um hæfi skipulags- og byggingarnefndarmanna gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar.

Um hæfi starfsmanna skipulags- og byggingarnefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

## **VII. Gildistaka**

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi sveitarstjórnar xxx og tekur gildi sama dag.

Borgarnesi (dags.)

Undirskrift sveitarstjóra (sign).